


Konstantin Zvyagin

Ferð um Niflungahring Wagners



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
í samvinnu við Wagnerfélagið á Íslandi
Þriðjudaginn 15. júlí 2025 kl. 20:30

Ég hef alltaf verið mikill aðdáandi tónlistar Richards Wagner. Þegar ég kom til Kölnar fyrir tíu árum til að stunda meistara-nám við Tónlistarháskólann þar fór ég að gera tilraunir með að umrita Niflungahring hans fyrir píanó. Ég rakst á slíkar umritan-ir eftir þá Louis Brassin, Karl Tausig, Ferruccio Busoni, August Stradal og Franz Liszt og lék þrjár þeirra á lokatónleikum mín-um, að hluta til í upprunalegri gerð, en öðru hafði ég breytt eða endurunnið.

Fljótlega fann ég þó að fæstar af þessum umritunum upp-fylltu hljómrænar hugmyndir mínar, þær viku um of frá upp-runanum eða slepptu því að gera mikilvægum músíkölskum og dramatískum þáttum skil. Því ákvað ég að vinna beint eftir upprunalegri hljómsveitargerð Wagners.

Smám saman leiddi þetta afsér píanósvítu í átta þáttum sem ber titilinn „Hringur Wagners“ og eru þar dregnir saman helstu músíkölsku og dramatísku hápunktar fjórleiksins.

Afrakstur þessa verkefnis birtist 2024. Það var annars vegar geisladiskurinn „Ein Weg durch Wagners Ring“ þar sem ég leik umritanir mínar, og hins vegar opinber útgáfa á nótnahefti með umritununum.

Það er mér mikil ánægja að fá að kynna ykkur hvoru tveggja hér í dag.

Konstantin Zvyagin

Á ferð með Konstantin Zvyagin
um Niflungahring Wagners
Svíta í átta myndum

- I Walhall / Valhöll
- II Lenzlied / Vorljóð
- III Walkürenritt / Valkyrjureið
- IV Feuerzauber / Töfrar elds
- V Waldweben / Skógarpytur
- VI Liebesbund / Ástarjåtning
- VII Trauermarsch / Sorgarmars
- VIII Feueropfer / Fórn eldsins

Konstantin Zvyagin fæddist árið 1990 í Novgorod í Rússlandi og hóf þar sitt tónlistarnám. Framhaldsnám stundaði hann við hina virtu tónlistarakademíu Gnessins í Moskvu hjá prófessor Tatiana Zelikman, þaðan sem hann útskrifaðist með láði 2014. Þá lá leið hans til Köln í Þýskaland þar sem hann nam við Hochschule für Musik und Tanz undir leiðsögn Ninu Tichman prófessors og lauk því árið 2018. Hann kennir nú við Tónlistarakademíuna í Darmstadt í Þýskalandi.

Konstantin hefur komið fram sem einleikari, meðal annars árlega í tónleikaröðinni „Weltklassik am Klavier“ í Þýskalandi, einleikari með hljómsveitum og sem píanóleikari tríosins „SpiegelBild“. Hefur atorka hans leitt hann víða um lönd, meðal annars til Írlands, Póllands, Þýskalands, Svíþjóðar, Bandaríkjanna, Frakklands, Ítalíu, Spánar, Ísraels og Rússlands.

Á síðustu fimm árum hefur Konstantin Zvyagin helgað sig tónlist Richards Wagners og árið 2023 hlaut hann verðlaun frá Richard Wagner Styrkþegastofnuninni. Lék hann þá í Villa Wahnfried, íbúðarhúsi – og nú safni – Wagners í Bayreuth, við athöfn sem haldin var til heiðurs meðlimum Bayreuth-hátíðarinnar til margra ára, og var hann heiðraður af stjórnendum hátíðarinnar.

Svítan Hringur Wagners í átta myndum er byggð á píanó-umritunum hans á óperum Niflungahrings Wagners og var gefin út á geisladiski hjá Spektral útgáfunni þýzku í mars 2024 undir titlinum „Ein Weg durch Wagners Ring“. Einnig hafa nótur umritunarinnar verið gefnar út af APOLLON Musik-offizin Verlag í Bonn.